



Áhættu- og frammistöðuflokkun

Matvæli úr dýraríkinu og fóður

Mat á eftirlitsþörf fóðurfyrirtækja og fyrirtækja sem vinna matvæli úr dýraríkinu

Útgáfa: 19.2.2016

Tekur við af útgáfu: 5.2.2013

STAÐFESTING Á GILDISTÖKU

Matvæli úr dýraríkinu og fóður

Mat á eftirlitsþörf fóðurfyrirtækja og fyrirtækja sem vinna matvæli úr dýraríkinu

Ákvörðun

Matvælastofnun hefur ákveðið að innleiða kerfi til að áhættuflokka og meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem framleiða matvæli úr dýraríkinu og fóður.

Bakgrunnur

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli skal tíðni opinbers eftirlits vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlun. Matvælastofnun skal auk þess vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og því að slíkum kröfum sé framfylgt.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, sem innleidd var með reglugerð (IS) nr. 106/2010, skal opinberu eftirliti sinnt reglulega og út frá áhættu. Þá skulu stjórnvöld samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar tryggja samræmi í opinberu eftirliti.

Eftirfarandi áhættuflokkunarkerfi er innleitt sem liður í því að uppfylla ofangreindar kröfur en með því skal tryggja að eftirlit sé skipulagt með samræmdum hætti út frá áhættu og frammistöðu í eftirliti. Er það unnið í samvinnu allra hlutaðeigandi aðila hjá Matvælastofnun.

Breytingar frá fyrri útgáfu

Útgáfa þessi tekur við af útgáfu dagsettri 5.2.2013 og tekur gildi frá og með 1.5.2016. Yfirlit yfir helstu breytingar má finna á bls. 4.

Ábyrgð: Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
Sími: (+354) 530 4800
Fax : (+354) 530 4801
mast@mast.is
www.mast.is

Selfoss,


Jón Gíslason
forstjóri

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
1.1	Helstu breytingar frá fyrri útgáfu	4
1.1.1	Meginstarfsemi ræður röðun vegna áhættupáttar 1: tegund vinnslu og hráefnis.....	4
1.1.2	Nokkrar breytingar á töflum fyrir áhættupátt 1: tegund vinnslu og hráefnis.....	4
1.1.3	Viðbætur við áhættupátt 2: stærð og umfang starfsstöðva	4
1.1.4	Lengra eftirlitstímabil starfsstöðva í áhættuflokki 7 og 8	4
1.1.5	Viðbótartímar vegna merkinga felldir út.....	4
1.1.6	Viðbótarefirlit vegna sérleyfismarkaða	4
1.1.7	Uppfærsla á forsendum frammistöðuflokkunar	4
1.2	Lög og reglur.....	5
1.2.1	Lög um matvæli nr. 93/1995.....	5
1.2.2	Reglugerð nr. 106/2010 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit..	5
1.3	Orðskýringar	7
1.4	Um eftirlitakerfið.....	8
2.	Áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja sem framleiða fóður og matvæli úr dýraríkinu	10
2.1	Áhættuflokkun.....	10
2.2	Áhættupáttur 1: Tegund vinnslu og hráefnis	11
2.2.1	Skilgreiningar á almennum vinnsluferlum og hættum sem þeim fylgja	12
2.2.2	Búfjárafurðir	13
2.2.3	Lagarafurðir	14
2.2.4	Matjurtir.....	15
2.2.5	Fóður	16
2.2.6	Geymsla, dreifing og flutningur matvæla og fóðurs.....	18
2.3	Áhættupáttur 2: Stærð og umfang starfsstöðva	19
2.4	Áhættupáttur 3: Neytendahópur	21
2.4.1	Viðkvæmir neytendur.....	21
2.5	Útreikningar: Áhættuflokkur og grunneftirlitspörf.....	22
2.6	Tímabil eftirlits.....	23
2.7	Viðbótarefirlit vegna merkinga matvæla og fóðurs í neytendaumbúðum	23
2.8	Viðbótarefirlit vegna starfsstöðva með fjölþætta starfsemi.....	24
2.8.1	Matvælafyrirtæki sem einnig framleiða fóður	24
2.8.2	Sláturhús sem einnig eru kjötvinnslur eða stykkjunarstöðvar	26
2.9	Viðbótarefirlit vegna sérleyfismarkaða	27
2.10	Frammistöðuflokkun	28
2.10.1	Skilgreining á frammistöðuflokkum.....	28
2.10.2	Flutningur milli frammistöðuflokka	29
2.10.3	Frammistöðumat vegna sérleyfismarkaða	30
2.11	Útreikningar á tímafjölda eftirlits	31
2.11.1	Dæmi um útreikninga:	31

1. Inngangur

Í riti þessu er lýst áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi sem unnið var af Matvælastofnun til að meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem framleiða fóður og matvæli úr dýraríkinu utan frumframleiðslu. Kerfið metur eftirlitsþörf fyrirtækja út frá áhættu og niðurstöðum úr eftirliti og hefur verið í gildi síðan 1. júlí 2012.

Vinna við rýni og endurskoðun eftirlitskerfis Matvælastofnunar hófst haustið 2013 og hafa fjölmargar breytingar verið gerðar á framkvæmd, skipulagi og utanumhaldi um eftirlitið í kjölfarið. Sem liður í þessari endurskoðun er hér birt uppfærð útgáfa af áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfinu, en yfirlit yfir helstu breytingar má finna í kafla 1.1

Á árunum 2010 – 2011 voru innleiddar breytingar á íslenskrum matvælalöggjöf sem gerðu þá kröfu að komið yrði á samræmdu kerfi við opinbert eftirlit með matvæla- og fóðurfyrirtækjum þar sem eftirlitsþörf fyrirtækja væri metin út frá áhættu framleiðslunnar og mati á frammistöðu fyrirtækjanna við að framleiða örugg matvæli og fóður. Veigamikill þáttur í þessari samræmingu felst í því að áhættuflokkun og frammistöðumat fyrirtækja sé gert á sambærilegan hátt, svo tryggt sé að eftirlitsþörf fyrirtækja sé metin með sama hætti óháð því hvaða starfsgrein eða starfssvæði fyrirtækið tilheyrir. Einnig er mikilvægt að opinbert eftirlit byggir á skjalfestum verklagsreglum og aðferðum sem tryggja samræmi í eftirlitinu. Því er mikilvægt að skýrar forsendur liggja fyrir því hvernig eftirlitsþörf fyrirtækja er metin út frá áhættu og niðurstöðum úr eftirliti.

Þá er einnig verið að innleiða sambærilegt kerfi við skipulag á því opinbera eftirliti með matvælum sem fellur undir heilbrigðisnefndir. Að loknum innleiðingartíma mun því eftirlit með matvælum og fóðri vera samræmt á landsvísu óháð starfsgrein eða eftirlitsaðila.

Það kerfi sem hér um ræðir tekur eingöngu til fyrirtækja sem framleiða fóður eða matvæli úr dýraríkinu og falla undir lögbundið eftirlit Matvælastofnunar.

1.1 Helstu breytingar frá fyrri útgáfu

1.1.1 Meginstarfsemi ræður röðun vegna áhættupáttar 1: tegund vinnslu og hráefnis

Felld niður reglan um að sé starfsstöð með áhættumeiri starfsemi en meginstarfsemi undir 20% af heildarframleiðslu sinni skuli hún áhættuflokkuð skv. meginstarfseminni.

Framvegis verða starfsstöðvar ávallt áhættuflokkaðar út frá meginstarfsemi nema eftirlitsmaður meti að umfang áhættumeiri starfsemi sé það mikið að áhættuflokka skuli út frá því. Sjá nánar í kafla 2.2

1.1.2 Nokkrar breytingar á töflum fyrir áhættupátt 1: tegund vinnslu og hráefnis

Við töflu Tafla 5: Vinnsla með lagarafurðir bætist við lýsi til manneldis, marningur, hausapurkkun og skreið og harðfiskvinnslu er skipt upp eftir því hvort um er að ræða inni- eða útiþurrkun.

Við töflu Tafla 10: Geymsla, dreifing og flutningur matvæla og fódurs bætist sala, markaðssetning og dreifing lagarafurða, fiskmarkaðir og geymsla afurða sem hvorki eru kæli- né frystivara. Sjá nánar í kafla 2.2

1.1.3 Viðbætur við áhættupátt 2: stærð og umfang starfsstöðva

Við töflu Tafla 11: Mat á áhættupátti 2 - stærð starfsstöðvar bætist sérstakur dálkur er varðar sölu, markaðssetningu og dreifingu lagarafurða. Þá bætist einnig við framleiðsla á lýsi. Sjá nánar í kafla 2.3

1.1.4 Lengra eftirlitstímabil starfsstöðva í áhættuflokki 7 og 8

Fyrirtæki í áhættuflokki 7 og 8 fá tveggja ára eftirlitstímabil annars vegar og þriggja ára eftirlitstímabil hins vegar vegna reglubundins eftirlits. Reglubundið eftirlit fari þá alla jafna fram í einni eftirlitsheimsókn sem hafi rýmri tíma en áður (4 tíma annars vegar og 3 tíma hins vegar). Sjá nánar í kafla 2.6

1.1.5 Viðbótartímar vegna merkinga felldir út

Viðbótartímar vegna merkingaefirlits verða felldir út. Aðeins fyrirtæki sem framleiða vörur í neytendaumbúðum fá viðbótareftirlit vegna merkinga sem verður í formi úttektar á merkingarferlum. Slík úttekt verður til viðbótar við tímafjöldu starfsstöðvar vegna reglubundins eftirlits. Sjá nánar í kafla 2.7

1.1.6 Viðbótareftirlit vegna sérleyfismarkaða

Sérstakar úttektir verða gerðar á kröfum sérleyfismarkaða sem eru utan reglubundins eftirlits. Niðurstöður eru skráðar í sérstakar skýrslur sem hafa ekki áhrif á frammistöðumat en hafa áhrif á útgáfu uppruna- og heilbrigðisvottorða vegna afurða viðkomandi starfsstöðva eða stöðu þeirra á listum yfir afurðastöðvar sem hafa leyfi til útflutnings á tiltekna sérleyfismarkaði. Innheimt verður sérstaklega fyrir eftirlitið. Sjá nánar í kafla 2.9

1.1.7 Uppfærsla á forsendum frammistöðuflokkunar

Breytingar verða gerðar á forsendum frammistöðuflokkunar til að auka skilvirkni og sanngirni frammistöðumats. Breytingarnar snúa einkum að þeim þáttum sem hafa gert mjög litlum fyrirtækjum erfiðara fyrir að færast upp um frammistöðuflokk. Þá hefur verið reynt að auka sanngirni frammistöðumatsins með því að taka inn fleiri þætti sem geta gefið til kynna frammistöðu starfsstöðvarinnar. Þá verða einnig aukin áhrif frávíka vegna HACCP eða innra eftirlits á frammistöðumat. Sjá nánar í kafla 2.10.2

1.2 Lög og reglur

Hér að neðan eru útlistuð helstu ákvæði laga og reglugerða sem liggja til grundvallar vinnu við gerð áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfis og upptöku þess við mat á eftirlitsþörf fyrirtækja.

1.2.1 Lög um matvæli nr. 93/1995

6. mgr. 22. gr. [...] Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.

7. mgr. 22. gr. Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

8. mgr. 22. gr. Matvælastofnun skal koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi matvælaeftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndunum ber að fylgja.

1.2.2 Reglugerð nr. 106/2010 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinberu eftirliti sé sinnt reglulega og út frá áhættu og fari nægilega oft fram til að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, að teknu tilliti til:

- a) þekkrar áhættu sem fylgir dýrum, fódri eða matvælum, fóður- eða matvælafyrirtækjum, notkun fódurs eða matvæla eða ferla, efnis, starfsemi eða reksturs sem kann að hafa áhrif á öryggi fódurs eða matvæla og heilbrigði eða velferð dýra.
 - b) skráðra heimilda um stjórnendur fóður- eða matvælafyrirtækja að því er varðar það hvort þeir hafi farið að lögum um fóður eða matvæli eða reglum um heilbrigði og velferð dýra.
 - c) áreiðanleika innra eftirlits sem hefur þegar verið sinnt.
- og
- d) upplýsinga sem geta bent til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

[...]

3. Opinberu eftirliti skal sinnt á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar fódurs eða matvæla og dýra og dýraafurða. Það skal taka til þess eftirlits með fóður- og matvælafyrirtækjum, notkun fódurs og matvæla, geymslu fódurs og matvæla, með sérhverju ferli, efni, starfsemi eða rekstri, að meðtöldum flutningum á fódri eða matvælum, og með lifandi dýrum sem er nauðsynlegt til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

4. gr.

[...]

4. Lögbær yfirvöld skulu á öllum stigum opinbers eftirlits tryggja óhlutdrægni, gæði og samræmi. [...]

5. Þegar fleiri en ein eining lögbærs yfirvalds hefur valdheimild til að annast opinbert eftirlit skal tryggja skilvirka og áhrifaríka samræmingu og samstarf milli mismunandi eininga.

[...]

41. gr.

Hvert aðildarríki skal gera samþætta, landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára til að tryggja skilvirka framkvæmd 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, reglna um heilbrigði og velferð dýra og 45. gr. þessarar reglugerðar.

42. gr.

2. Í sérhverri landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára skulu vera almennar upplýsingar um uppbyggingu og skipulag fóður- og matvælaeftirlitskerfa, sem og um eftirlit með heilbrigði og velferð dýra í hlutaðeigandi aðildarríki, einkum um:

a) skipulagsmarkmið áætlunarinnar og um forgangsröðun eftirlits og ráðstöfun tilfanga með tilliti til þessara markmiða,

b) áhættuflokkun starfseminnar sem um er að ræða, [...]

d) almennt skipulag og stjórnun opinbers eftirlits á landsvæðis- og staðarvísu, þ.m.t. opinbert eftirlit í einstökum starfsstöðvum,

e) eftirlitskerfi sem beitt er í mismunandi geirum og um samræmingu mismunandi þjónustueininga lögbærra yfirvalda sem ábyrgð bera á opinberu eftirliti í þessum geirum, [...]

1.3 Orðskýringar

Matvælafyrirtæki: Er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Fóðurfyrirtæki: Er fyrirtæki eða einstaklingur sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fódurs, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á slíkum vörum til notkunar á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Starfsstöð: Starfsstöð telst vera hver sá staður sem hlotið hefur starfsleyfi frá Matvælastofnun til framleiðslu matvæla eða fódurs.

Meginstarfsemi: Er umfangsmesta starfsemi/framleiðslugrein starfsstöðvar.

Matvæli: eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólk er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.

Framleiðsla: Er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu.

Dreifing: Er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.

Markaðssetning: Er að hafa umráð yfir matvælum með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.

Opinbert eftirlit: Er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

Neytandi: Er sá sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.

Neytendaumbúðir: Umbúðir matvæla og fódurs sem ætlaðar eru fyrir neytendur.

Stjórnandi matvælafyrirtækis: Er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn.

Hætta: Líffræðilegur, efnafræðilegur eða efnislegur áhrifavaldur í matvælum eða fóðri eða ástand matvæla eða fódurs sem getur verið heilsuspillandi.

Áhættuflokkun: Flokkun starfsstöðva eftir áhættu. Áhættuflokkun byggir á undirliggjandi áhættumati. Hver starfsstöð tilheyrir aðeins einum áhættuflokki. Áhættuflokkur segir til um grunneftirlitspörf fyrirtækis í klst/ári.

Áhættupáttur: Þáttur sem hefur áhrif á áhættuflokkun starfsstöðva. Áhættuflokkur starfsstöðva er metinn út frá þremur áhættupáttum. Fyrir hvern áhættupátt fæst ákveðinn fjöldi áhættustiga.

Áhættustig: Tölulegt mat á áhættuþáttum. Heildarfjöldi áhættustiga segir til um hvaða áhættuflokki starfstöð tilheyrir.

Viðbótarefirlit: Tímar í eftirliti sem bætast ofan á grunneftirlitsþörf fyrirtækja.

Eftirlitsþörf: Hversu marga tíma af reglulegu opinberu eftirliti er þörf á að lágmarki inni í starfstöð á ári. Samsvarar grunneftirlitsþörf auk viðbótarefirlits og frammistöðuflokkunar

Grunneftirlitsþörf: Sú eftirlitsþörf sem er metin á fyrirtæki út frá áhættuflokki sem grunnþörf þeirra fyrir eftirlit.

Frammistöðuflokkun: Flokkun starfsstöðva byggð á mati á frammistöðu þeirra við að uppfylla kröfur löggjafarinnar. Hver starfstöð tilheyrir einum frammistöðuflokki. Frammistöðuflokkur segir til um þann margföldunarstuðul sem notaður er til að finna heildareftirlitsþörf fyrirtækja.

Eftirlitstímabil: Tímabil útreiknaðs eftirlits fyrir hverja starfsstöð. Eftirlitstímabil starfsstöðvar hefst við útgáfu starfsleyfis. Eftirlitstímabil geta spannað 1 – 3 ár. Færast starfsstöðvar milli frammistöðuflokka eða áhættuflokka endurreiknast eftirlitsþörf þeirra og nýtt eftirlitstímabil hefst.

Fjölpætt starfsemi: Starfstöð er með fjölpætta starfsemi ef þar er auk matvælaframleiðslu fóðurframleiðsla eða ef um er að ræða sláturhús með kjötvinnslu eða stykkjunarstöð á sömu starfstöð.

Sérleyfismarkaðir: Markaðir utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gera viðbótarkröfur til matvæla- og fóðurframleiðenda vegna innflutnings inn á þeirra markaðssvæði.

1.4 Um eftirlitskerfið

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfið sem hér er birt er unnið að sænskri fyrirmynd, en Livsmedelsverket í Svíþjóð innleiddi árið 2008 sambærilegt kerfi til að áhættuflokka öll matvælafyrirtæki og ákvarða árlegan tímafjölda reglubundins eftirlits í matvælafyrirtækjum.¹ Þetta kerfi byggir m.a. á vinnu norræns starfshóps sem styrktur var af Norræna Ráðherraráðinu til að greina hvernig uppfylla mætti ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um áhættumiðað eftirlit.²

Áður en núverandi kerfi var innleitt lagði Matvælastofnun ítarlega vinnu í að skoða og meta fyrirkomulag nágrannalandsanna við áhættuflokkun og mat á eftirlitsþörf. Heppilegt þótti að nýta viðamikla bakgrunnsvinnu og reynslu þeirra við að vinna samkvæmt regluverki Evrópska efnahagssvæðisins hvað varðar matvæla- og fóðureftirlit. Niðurstaðan var sú að taka upp fyrirmynd Svía að kerfi til áhættuflokkunar matvælafyrirtækja utan frumframleiðslunnar og aðlaga það að íslenskum aðstæðum. Þótti sænska kerfið bæði einfalt og gagnsætt og byggði auk þess á ítarlegri og góðri undirbúningsvinnu af hálfu Svía. Þá hafði MAST einnig ákveðið að vinna nýja skoðunarhandbók fyrir sitt eftirlit að hluta til að sænskri fyrirmynd og fór þetta því vel saman.

¹ Livsmedelsverket. 2013. *Riskklassning av livsmedelsanläggningar ock beräkning af kontrolltid*. Fastställt: 2013-11-29, Ersätter: Version 2011-08-25

² Nordic Council of Ministers. 2007. „Risk-based official control of the food chain. Report from the project:“Principles for risk-orientation of official control of food, feed, animal health and animal welfare“. *TemaNord 2007:524*.

Tilgangur áhættuflokkunar er að leggja mat á áhættu fyrir öryggi matvæla og fódurs sem fylgir ólíkum framleiðsluaðferðum út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum. Áhætta er metin sem samspil af líkum á heilsuspillandi áhrifum hættunnar og alvarleika þessara áhrifa og eru skilgreind út frá því áhættustig til að fá tölulegt gildi á matið. Mikilvægur hluti áhættustjórnunar er að tryggja að til staðar sé kerfisbundið, skjalfest og gagnsætt verklag og er áhættuflokkunarkerfið mikilvægur þáttur til að tryggja að svo sé. Þá tryggir áhættumiðað eftirlit að eftirliti sér forgangsraðað þar sem þörf er á því og veitir það því fyrirtækjum sem þess þurfa meira aðhald á meðan fyrirtækjum sem standa sig vel er umbunað fyrir það. Þetta leiðir af sér betri nýtingu á tíma, mannauði og fjármagni eftirlitsaðila.

Til viðbótar við áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfið hefur Matvælastofnun undanfarin ár lagt mikla vinnu í gerð samræmdra verkferla og þróun á eftirlitsgagnagrunni til þess að skrá og halda utan um allt eftirlit með miðlægum hætti. Allir þessir þættir teljast vera hluti af eftirlitskerfi Matvælastofnunar.

Með innleiðingu á nýju áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi árið 2012 og þeim breytingum sem gerðar voru á eftirlitskerfinu samhliða því voru stigin mikilvæg skref til þess að tryggja samræmi og samkvæmni í matvæla- og fódureftirliti á Íslandi. Til að tryggja árangur og skilvirkni eftirlitskerfisins þurfa slíkir ferlar að vera í stöðugri endurskoðun og eru þær breytingar sem hér eru gerðar liður í því að bæta kerfið og auka skilvirkni þess.

Áhættu- og frammistöðuflokkun veitir góða yfirsýn yfir umfang eftirlits og eftirlitsþarfir óháð bæði starfsgreinum og eftirlitsaðilum. Þannig fæst heildstæð yfirsýn yfir áhættudreifingu og reglubundið eftirlit í landinu. Slíkt er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að leggja fram landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA) sem útliti forgangsröðun eftirlits á landsvísu og áherslur í eftirlitinu. Er það mikilvægur liður í samhæfingu og samræmingu á eftirliti með matvælum og fódri. Samræmt skipulag og mat á eftirlitsþörf og áhættu er afar mikilvæg undirstaða fyrir gerð slíkra eftirlitsáætlana. Með því að beita samræmdum aðferðum við áhættuflokkun og mat á eftirlitsþörf er auðveldara að greina heildstæð markmið fyrir eftirlitið á landsvísu og setja fram heildarskipulag eftirlits.

Þær breytingar sem hafa orðið hafa einnig haft ótvíræðan ávinning fyrir fyrirtæki, þar sem þau geta með því að standa sig vel dregið úr opinberu eftirlit með starfsemi sinni um allt að helming og þar með lækkað kostnað sinn vegna eftirlitsgjalda. Þá hefur gagnsæi og samræmi í eftirlitinu aukist til muna og fyrirtæki ættu að hafa betri yfirsýn og upplýsingar um stöðu sína og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Í byrjun árs 2015 var einnig stórt skref stigið þegar gefið var út sambærilegt kerfi fyrir matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða, en það kerfi er nú í innleiðingarferli. Innleiðing samræmds kerfis á landsvísu eykur bæði jafnræði og gagnsæi í stjórnsýslunni. Eftirlitsþörf fyrirtækja verður því metin á sömu forsendum óháð staðsetningu, grein eða eftirlitsaðila.

2. Áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja sem framleiða fóður og matvæli úr dýraríkinu

Eftirlitþörf fóðurfyrirtækja og fyrirtækja sem framleiða matvæli úr dýraríkinu er metin út frá áhættu framleiðslunnar, umfangi merkinga fyrirtækisins, samsetningu starfseminnar og frammistöðu fyrirtækisins við að tryggja öryggi matvæla og fóðurs. Út frá þessum forsendum er árlegur tímafjöldi opinbers eftirlits í *hverri starfsstöð* metinn. Starfsstöð telst vera hver sá staður sem hlotið hefur starfsleyfi og/eða samþykkisnúmer til framleiðslu á fóðri eða matvælum úr dýraríkinu.

2.1 Áhættuflokkun

Við mat á áhættu framleiðslunnar fyrir matvælaöryggi er horft til þriggja áhættuþátta:

- 1) tegund vinnslunnar og hráefnisins sem unnið er með,
- 2) stærðar fyrirtækisins eða vinnslunnar, og
- 3) neytendahópsins sem markaðssett er fyrir.

Fyrir hvern áhættuþátt eru gefin stig eftir því hve mikil áhættan er, þ.e. þeim mun meiri áhætta þeim mun fleiri áhættustig. Að lokum eru stigin fyrir alla þrjá áhættuþættina reiknuð saman og áhættuflokkun starfsstöðvarinnar fundin. Áhættuflokkurinn segir til um grunneftirlitþörf starfsstöðvarinnar, þ.e. hversu marga tíma af eftirliti starfsstöðin þarf á ársgrundvelli.

Til viðbótar við grunnfjölda eftirlitstíma bætast við tímar í eftirliti eftir því hvort og hversu umfangsmiklar merkingar fyrirtækisins á matvælum eru og hvort um fjölþætta starfsemi er að ræða sem krefjist viðbótareftirlits.

Frammistaða starfsstöðvarinnar í undangengnum eftirlitsferðum er svo metin og geta starfsstöðvar lent í einum af þremur frammistöðuflokkum A, B eða C. Frammistöðuflokkur segir til um stöðu starfsstöðvarinnar og getu hennar til að tryggja öryggi matvæla og fóðurs og að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Hverjum frammistöðuflokki fylgir margföldunarstuðull sem nota skal til að reikna út fjölda eftirlitstíma fyrir hverja starfsstöð út frá heildareftirlitþörf starfsstöðvar..

2.2 Áhættuþáttur 1: Tegund vinnslu og hráefnis

Flokkunin byggir á gerð starfsstöðvarinnar og því hráefni sem hún meðhöndlar. Starfsstöðin er greind eftir því hvort um er að ræða vinnslu með matvæli eða fóður þar sem:

- vinnslan felur í sér einhver stig þar sem mikil hætta er á örri fjölgun örvera (hitnun)
- hætta á örverumengun vegna krossmengunar eða mengunar af öðrum toga er mikil
- varan er tilbúin til neyslu

Hráefni hefur verið metið eftir því hvort það eru miklar líkur á að það innihaldi örverur, eiturefni eða aðra smitbera og hvort hráefnið sjálft stuðli að vexti slíkra smitbera eða eiturefnamyndunar.

Starfsstöðvar eru áhættuflokkaðar í samræmi við *meginstarfsemi* sína. Ef önnur áhættumeiri starfsemi er til staðar í starfsstöðinni metur eftirlitsaðili út frá umfangi þeirrar starfsemi hvort áhættuflokka beri starfsstöðina út frá áhættumeiri starfseminni. Starfsstöðvar sem vinna skelfisk skulu ávallt áhættuflokkaðar miðað við þá vinnslu.

Tafla 1 sýnir þá flokka sem settir voru upp til að meta þá áhættu sem fólgin er í tegund vinnslunnar og hráefnis og þann áhættustigafjölda sem skilgreindur var fyrir hvern flokk.

Tafla 1: Mat á áhættuþætti 1 – tegund vinnslu og hráefnis

Mat á áhættuþætti 1		Stig
a)	Mikil áhætta	45
b)	Miðlungsáhætta	35
c)	Lítill áhætta	15
d)	Mjög lítill áhætta	5

Metin var áhætta hráefnis og vinnslu eftir starfsgreinum.

Mat á eftirlitsþörf starfsstöðva með fjölþætta starfsemi

Matvælafyrirtæki sem einnig framleiða og vinna fóður skulu áhættuflokkuð út frá áhættu matvælavinnslunnar. Þessar starfsstöðvar geta svo fengið viðbótartíma í eftirliti skv. kafla 2.8.1 til að mæta aukinni eftirlitsþörf vegna hollustuháttaeftirlits með fóðurframleiðslunni.

Sláturhús sem einnig eru með kjötvinnslu á sömu starfsstöð skulu áhættuflokkuð út frá kjötvinnsluhluta starfseminnar. Þessar starfsstöðvar fá viðbótartíma í eftirliti skv. kafla 0 til að mæta aukinni eftirlitsþörf vegna hollustuháttaeftirlits með sláturhúshlutanum og til þess að tryggja nægilegt eftirlit með þáttum er varða aðbúnað og velferð dýra.

Sláturhús sem einnig eru með stykkjunarstöð á sömu starfsstöð skulu áhættuflokkuð út frá sláturhúshluta starfseminnar. Þessar starfsstöðvar taka svo á sig viðbótartíma í eftirliti skv. kafla 0 til að mæta aukinni eftirlitsþörf vegna hollustuháttaeftirlits með stykkjunarstöðinni.

2.2.1 Skilgreiningar á almennum vinnsluferlum og hættum sem þeim fylgja

Undirbúningur: Aðgerðir sem hafa veruleg áhrif á matvælin í heild sinni en breyta ekki vörunni sjálfri (til dæmis stykkjun, hökkun og sneiðing). Undirbúningur matvæla felur í sér hættu vegna krossmengunar milli ólíkra afurða, ólíkra hluta sömu afurðar eða mengun frá starfsfólki eða umhverfi. Hluti af undirbúningi getur verið kæling matvæla eða einstakra afurða.

Vinnsla matvæla: Matvælavinnsla þar sem gerðar eru ráðstafanir sem draga verulega úr magni örvera (t.d. hitameðferð, niðursuða, gerilsneyðing). Við vinnslu matvæla sem eru tilbúin til neyslu eru engin stig síðar í ferlinu þar sem dregið er úr eða komið í veg fyrir vöxt örvera fyrir neyslu. Mistök í þessu ferli geta því verið áhættusöm fyrir neytendur. Matvælavinnsla felur í sér hættu vegna krossmengunar milli ólíkra afurða, ólíkra hluta sömu afurðar eða mengun frá starfsfólki eða umhverfi. Hluti af undirbúningi getur verið kæling matvæla eða einstakra afurða.

Einföld meðhöndlun: Til dæmis meðhöndlun matvæla sem ekki krefst kælingar. Ekki mikil hætta ef dregið er úr smíthættu frá starfsfólki og umhverfi.

Spírun: Fræ geta verið menguð af örverum sem hætta er á að fjölgi sér við þær aðstæður sem spírun á sér stað.

Kæligeymsla: Hætta er á örri fjölgun örvera séu matvæli geymd við of hátt hitastig. Þetta á einnig við um afbíðingu matvæla sem hafa verið geymd við of hátt hitastig.

Kæling eftir matreiðslu: Sé kæling aftur eftir hitun eða matreiðslu ófullnægjandi eða á sér stað á of löngum tíma þá skapast kjöraðstæður fyrir örveruvöxt.

Halda matvælum heitum: Hætta er á örum vexti örvera í matvælum sem haldið er heitum við ófullnægjandi hitastig. Við flutning á heitum matvælum er afar mikilvægt að búnaður sé til staðar sem viðheldur réttu hitastigi.

Niðursuða: Mikilvægt skref við framleiðslu á dýraafurðum eða grænmeti með lengdan líftíma til þess að koma í veg fyrir smit vegna *Clostridium botulinum*.

Upphitun matvæla: Ófullnægjandi upphitun matvæla tryggir ekki að örverur drepist við hitun og getur skapað aðstæður fyrir örveruvöxt. Með upphitun matvæla er átt við kæld eða frosin matvæli sem verið er að hita upp aftur.

Matreiðsla á fullnum vörum: Mjög einföld meðhöndlun á fullnum vörum sem felur eingöngu í sér geymslu í kæli eða frysti og svo steikingu. Hætta á krossmengun er lítil þar sem meðhöndlun er afar takmörkuð. Matvælin eru tilbúin fyrirfram og engin frekari vinnsla á sér stað með þau á starfstöðinni.

2.2.2 Búfjárafurðir

Til starfsstöðva sem framleiða búfjárafurðir teljast sláturhús, kjötvinnslur, stykkjunarstöðvar, mjólkurstöðvar og eggjaframleiðendur og skulu þær vera áhættuflokkaðar skv. töflum Tafla 2, Tafla 3 og Tafla 4 eftir því sem við á.

Tafla 2: Kjötvinnslur og sláturhús

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Sláturhús	Mikil áhætta	45
Vinnsla á hráu kjöti	Mikil áhætta	45
Reykt og/eða grafið kjöt	Mikil áhætta	45
Unnin matvæli / tilbúnar máltíðir / kæling aftur eftir matreiðslu	Mikil áhætta	45
Afgreiðsla / undirbúningur á unnum afurðum dýra (samsettum eða ósamsettum)	Miðlungsáhætta	35
Undirbúningur / stykkjun / hökkun á hráu kjöti	Miðlungsáhætta	35

Tafla 3: Mjólkurstöðvar

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Vinnsla á mjólk og mjólkurafurðum úr ógerilsneyddri mjólk	Mikil áhætta	45
Gerilsneyðing, vinnsla á mjólk og mjólkurafurðum úr gerilsneyddri mjólk	Miðlungsáhætta	35

Tafla 4: Eggjavinnsla

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Pökkun og þvottur	Miðlungsáhætta	35
Vinnsla úr hráum eggjum	Miðlungsáhætta	35
Pökkun en ekki þvottur	Mjög lítil áhætta	5

2.2.3 Lagarafurðir

Þær starfsstöðvar sem að meginstarfsemi vinna með fisk, skelfisk, hrogn og lýsi teljast til starfsstöðva sem vinna með lagarafurðir og skulu flokkaðar skv. töflu Tafla 5

Tafla 5: Vinnsla með lagarafurðir

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Skelfisksvinnsla	Mikil áhætta	45
Unnin matvæli/ tilbúnaðar máltíðir/ kæling aftur eftir matreiðslu	Mikil áhætta	45
Grafinn og reyktur fiskur	Mikil áhætta	45
Marningur	Mikil áhætta	45
Ferskur fiskur	Miðlungsáhætta	35
Frosinn fiskur	Miðlungsáhætta	35
Saltaðar afurðir	Miðlungsáhætta	35
Hrognavinnsla	Miðlungsáhætta	35
Lýsi til manneldis	Miðlungsáhætta	35
Þurrkun á fiski (harðfiskur) – úti	Miðlungsáhætta	35
Óunninn fiskur / slæging / heilfryst	Lítill áhætta	15
Hrálýsi	Lítill áhætta	15
Þurrkun á fiski (harðfiskur) - inni	Lítill áhætta	15
Hausaþurrkun / skreið	Lítill áhætta	15

2.2.4 Matjurtir

Þær starfsstöðvar sem að meginstarfsemi framleiða spírur falla undir fyrirtæki sem framleiða matjurtir og skulu þær áhættuflokkaðar skv. töfluTafla 6.

Tafla 6: Vinnsla með matjurtir

Gerð hráefnis og vinnslu	Nánari skýringar og dæmi	Mat á áhættu	Stig
Spírun	Spírun á fræjum Dæmi: Framleiðsla á baunaspírum	Mikil áhætta	45

2.2.5 Fóður

Þær starfsstöðvar sem að meginstarfsemi framleiða fóður og fódurhráefni bæði innan og utan matvælakeðjunnar skulu áhættuflokkaðar skv. töflum Tafla 7Tafla 8

Tafla 9 eftir því sem við á.

Tafla 7: Framleiðsla fódurhráefna

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Sláturafurðir	Miðlungsáhætta	35
Fiskimjöl og lýsi	Miðlungsáhætta	35
Þörungamjöl	Lítill áhætta	15
Skeljasandur	Mjög lítil áhætta	5
Duft úr rækjuskel	Mjög lítil áhætta	5
Kornrækt, mölun og þurrkun	Mjög lítil áhætta	5
Hefðbundin heyframleiðsla	Mjög lítil áhætta	5
Mysuframleiðsla	Mjög lítil áhætta	5
Mörframleiðsla	Mjög lítil áhætta	5
Bjórhrat	Mjög lítil áhætta	5

Tafla 8: Fódurframleiðsla fyrir búfé og lagardýr

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Framleiðsla fódurs með fiskimjöli eða sojamjöli með sýrumeðhöndlun	Miðlungsáhætta	35
Framleiðsla fódurs með fiskimjöli eða sojamjöli með hitameðhöndlun	Miðlungsáhætta	35
Framleiðsla fódurs með hníslalyfjum	Miðlungsáhætta	35
Framleiðsla fódurs með aukefnum eða forblöndum aukefna	Lítill áhætta	15
Beita úr dýraafurðum	Mjög lítil áhætta	5

Tafla 9: Fóðurframleiðsla fyrir loðdýr og gæludýr

Gerð hráfnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Framleiðsla fóðurs úr dýraafurðum án hitameðhöndlunar	Miðlungsráttætt	35
Framleiðsla fóðurs með aukefnum eða forblöndum aukefna	Lítill áttætt	15
Framleiðsla fóðurs úr dýraafurðum með hitameðhöndlun	Lítill áttætt	15
Framleiðsla þurrkaðs nagfóðurs*	Lítill áttætt	15
Framleiðsla fersks fóðurs úr fiskafurðum	Lítill áttætt	15
Framleiðsla frysts fóðurs úr fiskafurðum	Mjög lítill áttætt	5
Framleiðsla fóðurs án dýraafurða	Mjög lítill áttætt	5

* Nagfóður: T.d. svínseyru, typpi, snjálður, halar

2.2.6 Geymsla, dreifing og flutningur matvæla og fódurs

Þær starfsstöðvar sem að meginstarfsemi sjá um geymslu og/eða flutning á matvælum, uppboðsmarkaðir með lagarafurðir og fyrirtæki sem að meginstarfsemi selja, markaðssetja eða dreifa lagarafurðum án beinnar meðhöndlunar skulu áhættuflokkuð skv. töflu Tafla 10.

Tafla 10: Geymsla, dreifing og flutningur matvæla og fódurs

Gerð hráefnis og vinnslu	Mat á áhættu	Stig
Flutningur fódurs		
- Ópakkað, hitað	Lítill áhætta	15
Fiskmarkaður	Lítill áhætta	15
Kælivara		
– pökkun, geymsla og flutningur	Lítill áhætta	15
Frystivara		
– pökkun, geymsla og flutningur	Mjög lítil áhætta	5
Flutningur á heyi eða korni		
- Ópakkað	Mjög lítil áhætta	5
Sala, markaðssetning og dreifing lagarafurða*	Mjög lítil áhætta	5
Geymsla afurða		
- Hvorki kæli- né frystivara	Mjög lítil áhætta	5

*Fyrirtæki sem selja, dreifa og markaðssetja lagarafurðir en meðhöndla þær ekki innan sinnar starfsstöðvar.

2.3 Áhættupáttur 2: Stærð og umfang starfsstöðva

Áhættupáttur 2 metur áhættuna fyrir neytendahópin í heild sinni, þ.e. hversu mikil er hættan fyrir neytendur ef eitthvað fer úrskeiðis hjá fyrirtækinu. Þetta er metið út frá stærð starfsstöðvarinnar (sjá töflu Tafla 11).

Fyrir starfsstöðvar sem meðhöndla dýraafurðir eða tilbúin matvæli skal horfa til hversu mörg tonn í heildina fara út úr vinnslunni af matvælum á hverju ári. Þetta á við t.d. um kjötvinnslur, fiskvinnslur, sláturhús o.s.frv.

Fyrir mjólkurstöðvar skal miðað við það magn af mjólk sem þær taka á móti á ári. Þetta á við öll fyrirtæki sem framleiða úr mjólkurvörum, einnig ostagerð.

Fyrir fódurfyrirtæki með framleiðslu til eigin nota, fódurfyrirtæki sem þurrka korn eða hey, fódurfyrirtæki sem selja hefðbundið hey og fódurfyrirtæki sem framleiða fyrir loðdýr eða gæludýr skal horfa til fjölda stöðugilda á ársgrundvelli. Fyrir fódurfyrirtæki sem framleiða úr dýraafurðum eða korni sem fer til dreifingar skal miðað við það magn afurða sem fer út úr vinnslunni á ári. Starfsstöðvar sem framleiða sitt eigið fóður, s.s. svínabú, skulu metin skv. fjölda stöðugilda á ársgrundvelli. Þær starfsstöðvar sem framleiða sitt eigið fóður en selja jafnframt fóður til annarra aðila skulu metin skv. því magni sem fer út úr starfsstöðinni á ári.

Fyrir geymslur, dreifingaraðila og flutningsaðila skal horfa til fjölda stöðugilda á ársgrundvelli. Þetta á t.d. við t.d. um vöruhús og flutningsfyrirtæki.

Dreifing og markaðssetning lagarafurða

Fyrirtæki sem selja 10 tonn eða minna af lagarafurðum í umboðssölu á ári falla utan reglubundins eftirlits. Árlega verður þó farið í eftirlit í 5% fyrirtækja sem tilheyra þessum hópi. Fyrirtæki sem fá eftirlit verða valin af handahófi.

Starfsemi hluta úr ári

Fyrirtæki sem starfa aðeins hluta úr ári eða árstíðabundið skal meta með sama hætti og fyrirtæki sem starfa allt árið. Þar sem starfsstöðvar sem vinna úr dýraafurðum eða framleiða tilbúin matvæli skal meta eftir heildarframleiðslumagni á ársgrundvelli þá skiptir ekki máli þó starfsstöðin sé aðeins starfrækt hluta úr ári. Framleiðslumagn hennar hefur þannig sama vægi við áhættuflokkun og hjá starfsstöðvum með vinnslu allt árið.

Tafla 11: Mat á áhættuþætti 2 - stærð starfsstöðvar

Stærð vinnslu	Fjöldi starfsmanna (fjöldi stöðugilda á ársgrundvelli)	Magn í tonnum af lagarafurðum sem er selt eða dreift af söluskrifstofu m á ári	Magn í tonnum af dýraafurðum og tilbúnum matvælum sem fer út úr starfsstöðinni á ári	Magn í tonnum af fiskimjöli, lýsi (hrálýsi), þörungamjöli eða skeljasandi sem fer út úr starfsstöðinni á ári	Móttekin mjólk á ári í tonnum	Stig
a) Mjög stór	-	> 10.000	> 10.000	>100.000	>100.000	55
b) Stór	>30	>1.000 – 10.000	>1.000 – 10.000	>10.000 – 100.000	>10.000 – 100.000	45
c) Miðlungs	>10 - 30	>100 – 1.000	>100 – 1.000	>1000 – 10.000	>1000 – 10.000	35
d) Lítil	>3 – 10	>10-100	>10 – 100	>100 – 1.000	>100 – 1.000	25
e) Mjög lítil I	>2 - 3	<10	>3 – 10	>30 – 100	>30 – 100	15
f) Mjög lítil II	>1 – 2	-	>1 – 3	>10 - 30	>10 - 30	10
g) Lágmarks	≤ 1	-	≤ 1	≤ 10	≤ 10	5

2.4 Áhættuþáttur 3: Neytendahópur

2.4.1 Viðkvæmir neytendur

Starfsstöðvar sem framleiða matvæli fyrir viðkvæma neytendahópa fá til viðbótar áhættustig vegna aukinnar hættu á sýkingum og smiti hjá þessum hópum. Viðkvæmir neytendur teljast vera:

- Börn undir 5 ára aldri
- Fólk með viðkvæmt ónæmiskerfi (s.s. sjúklingar á spítölum, eldra fólk, barnshafandi konur)
- Fólk með fæðuofnæmi eða fæðuóþol

Dæmi um matvælafyrirtæki sem framleiða fyrir viðkvæma neytendur eru: starfsstöðvar sem framleiða fyrir eldri borgara, leikskóla og skóla, framleiðsla á matvælum fyrir nemendur með ofnæmi, framleiðsla á matvælum sem uppfylla eiga sérstakar næringarþarfir s.s. að vera glútenfrí, mjólkurlaus eða ekki með soja, framleiðsla á ungbarnafæði o.s.frv.

Tafla 12: Mat á áhættuþætti 3 - hvort framleitt er fyrir viðkvæma neytendur

Mat á áhættuþætti 3	Stig
Framleiðsla fyrir viðkvæma neytendur	10

Þegar um er að ræða framleiðslu á matvælum sem hugsuð eru fyrir almennan markað og eru ekki sérstaklega miðuð að viðkvæmum neytendahópum þá bætast ekki við áhættustig fyrir áhættuþátt 3. Þá skiptir ekki máli þó varan sé mikið notuð af viðkvæmum neytendahópum ef hún er ekki sérstaklega markaðssett fyrir þá hópa. Sem dæmi má nefna að þó börn séu stór hluti af neytendum mjólkur er venjuleg mjólkurframleiðsla þó ekki talin vera fyrir viðkvæma neytendur.

2.5 Útreikningar: Áhættuflokkur og grunneftirlitsþörf

Til að finna út áhættuflokk starfsstöðvar skal leggja saman stig allra þriggja áhættuþátta. Starfsstöðvar fyrirtækja eru þannig flokkaðar samkvæmt þeirri áhættu sem talin er fylgja framleiðsluferli þeirra. Út frá áhættuflokki starfsstöðvarinnar er svo eftirlitsþörf hennar metin. Þannig fá starfsstöðvar í sama áhættuflokki sama *lágmarks* grunntímafjölda af eftirliti.

$$\text{Áhættuþáttur 1 + 2 + 3} = \text{Heildarfjöldi áhættustiga} = \text{Áhættuflokkur}$$

Starfsstöðvar flokkast alltaf eftir hæsta stigafjölda sem þau fá fyrir hvern áhættuþátt, þ.e. að fjöldi stiga er miðaður við það sem er áhættumest innan starfsstöðvarinnar. Þannig fer hún í hæsta áhættuflokk sem áhættuþættir hennar gefa tilefni til. Áhættuflokkur 1 er hæsti áhættuflokkurinn og þangað raðast starfsstöðvar sem þurfa hvað mest eftirlit. Í áhættuflokki 8 eru þær starfsstöðvar sem er hvað lægst forgangsraðað út frá áhættu og þurfa þær minna eftirlit.

Áhættuflokkur starfsstöðvar er þannig óbreytanlegur nema til komi verulegar breytingar á forsendum áhættuflokkunar starfsstöðvar sem krefjist endurmats.

Tímafjöldi eftirlits hjá starfsstöðvum er hins vegar ekki óbreytanlegur. Til viðbótar við áhættuflokkun starfsstöðvar ræðst mat á eftirlitsþörf þess af umfangi merkinga starfsstöðvarinnar, fjölbreytileika starfseminnar og frammistöðu í eftirliti. Auk þess getur þurft að taka tillit til annarra þátta, svo sem heildarskipulagi við eftirlit og áhersluþáttum í eftirlitinu. Grunntímafjöldi eftirlits er sá lágmarkstímafjöldi sem starfsstöðin er talin þurfa af eftirliti á tímabilinu.

Grunntímafjöldi eftirlits sem metinn er út frá áhættuflokki starfsstöðva fyrirtækis segir til um tímafjölda reglubundins eftirlits á staðnum í starfsstöðinni á ársgrundvelli. Þessi grunntímafjöldi tekur ekki til viðbótareftirlits sem kemur til vegna brota, ábendinga eða annars.

Tafla 13: Áhættuflokkur og grunneftirlitsþörf

Áhættuflokkur	Áhættustig	Grunneftirlitsþörf (klst/ári)
1	≥100	26
2	90	20
3	80	14
4	70	10
5	60-65	6
6	55	4
7	40-50	2
8	≤30	1

2.6 Tímabil eftirlits

Fyrir þær starfsstöðvar sem lenda í áhættuflokki 1 – 6 er eftirlitstímabilið 1 ár. Er þar miðað við árlegt reglubundið eftirlit í þessum starfsstöðvum þann grunntímafjölda sem áhættuflokkur þeirra segir til um.

Starfsstöðvar matvælafyrirtækja sem lenda í áhættuflokki 7 og 8 eru með lengra eftirlitstímabil, þ.e. tvö ár annars vegar og þrjú ár hins vegar. Grunntímafjöldi þessara starfsstöðva dreifist því á lengra tímabil þó útreikningur miði við klst/ári. Starfsstöðvar í áhættuflokki 7 fá þannig 4 tíma af reglubundnu eftirliti á tveggja ára tímabili og starfsstöðvar í áhættuflokki 8 fá 3 tíma af reglubundnu eftirliti á þriggja ára tímabili. Hjá þessum starfsstöðvum er gert ráð fyrir heildarúttekt í hverri heimsókn. Starfsstöðvar í þessum áhættuflokkum geta þó lent í slembiúrtaki og fengið eftirlitsheimsókn oftar en einu sinni á eftirlitstímabilinu. Lendi starfsstöð í áhættuflokki 7 eða 8 í C-flokki fær hún eftirlitsheimsókn á hverju ári.

Eftirlitstímabil er bundið við hverja starfsstöð og miðast við útgáfu starfsleyfis starfsstöðvarinnar eða breytinga sem verða á áhættu- eða frammistöðuflokkun hennar. Flytjist starfsstöð milli frammistöðuflokka eða áhættuflokkun hennar breytist hefst nýtt tímabil hjá starfsstöðinni.

2.7 Viðbótareftirlit vegna merkinga matvæla og fódurs í neytendaumbúðum

Til að tryggja öryggi og upplýsingarétt neytenda þarf að gera ráð fyrir viðbótartíma í eftirliti vegna framsetningar og merkinga á matvælum og fódri hjá þeim matvæla- og fóðurfyrirtækjum sem framleiða og selja vörur í neytendaumbúðum. Þar sem áhættuflokkunarkerfið tekur ekki til þessara þátta skal til viðbótar við grunneftirlitstíma reglubundins eftirlits fara fram viðbótareftirliti vegna merkinga fyrirtækja á matvælum í neytendaumbúðum og innri rekjanleika þeirra.

Þau matvæla- og fóðurfyrirtæki sem framleiða ekki vörur í neytendaumbúðum fá ekki slíkt viðbótareftirlit í eftirlit vegna merkinga en eftirlit vegna lágmarksupplýsinga og innri rekjanleika er hluti af grunneftirliti þessara fyrirtækja. Viðbótareftirlit vegna merkinga tekur því eingöngu til þeirra matvæla- og fóðurfyrirtækja sem pakka vörum í neytendaumbúðir. Viðbótareftirlitið felst í því að kanna áreiðanleika innihaldslýsinga og framsetningu merkinga á neytendaumbúðum. Þá skal athuga skráningu og rekjanleika fyrirtækja á matvælum og fódri, umbúðum og öðrum efnum eða hlutum sem ætlað er að snerta matvæli. Þá skal einnig kanna áætlanir fyrirtækja vegna innkallana.

Viðbótareftirlitinu er ætlað að tryggja að nægilegt eftirlit með merkingum sé hjá þeim framleiðendum sem merkja og pakka matvælum og fódri, jafnvel hjá þeim fyrirtækjum sem fá mjög fáa tíma af reglubundnu eftirliti. Með þessu er verið að færa þunga eftirlits með merkingum frá dreifingaraðilum og til framleiðenda eða þeirra sem merkja og pakka. Er þetta liður í því að sporna við brotum hvað varðar merkingar og framsetningu merkinga og umbúða og reyna með því að koma í veg fyrir að vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar eða rekjanleika séu settar á neytendamarkað. Þetta ætti þá aftur að draga úr tíðni innkallanna vegna merkinga.

Viðbótareftirlit vegna merkinga felst í úttektum sem gerðar eru á merkingaferlum starfsstöðva sem framleiða vörur í neytendaumbúðum og bætist tími við þær ofan á tímafjölda vegna reglubundins eftirlits. Innheimt er sérstaklega fyrir þessar úttektir.

2.8 Viðbótarefirlit vegna starfsstöðva með fjölpætta starfsemi

Við mat á eftirlitsþörf starfsstöðva er horft til starfseminnar á heildstæðan hátt þar sem tekið er tillit til allra starfspátta starfsstöðvarinnar. Þannig er hver starfsstöð aðeins flokkuð í einn áhættuflokk og einn frammistöðuflokk út frá áhættu við matvæla- eða fóðurframleiðslu annars vegar og frammistöðu í eftirliti hins vegar. Starfsstöðvar sem eru með fjölpætta starfsemi sem krefst aukins hollustuháttaeftirlits hafa aukna eftirlitsþörf umfram grunneftirlitsþörf þeirra vegna meginstarfseminnar. Til þess að mæta henni leggjast á viðbótartímar í eftirliti vegna fjölpættrar starfsemi. Með fjölpættri starfsemi er annars vegar átt við matvælafyrirtæki sem einnig framleiða fóður og hins vegar sláturhús sem einnig eru með kjötvinnslu eða stykkjunarstöð á sömu starfsstöð. Ólíkar kröfur eru gerðar til matvælaframleiðslu og fóðurframleiðslu og því er nauðsynlegt að tryggja að gert sé ráð fyrir viðbótartímum í eftirliti til að sinna hollustuháttaeftirliti með fóðurframleiðslu (sjá kafla 2.6.1). Vegna sláturhúsa þar sem einnig eru kjötvinnslur og stykkjunarstöðvar á sömu starfsstöð, er nauðsynlegt að tryggja að gert sé ráð fyrir viðbótartímum í eftirliti til að sinna hollustuháttaeftirliti með ólíkum framleiðsluþáttum starfsstöðvarinnar auk þess sem mikilvægt er að tryggja nægilegt eftirlit með þáttum er varða velferð dýra. Þar sem unnið er með lifandi dýr þarf að tryggja að aðbúnaðarkröfur séu uppfylltar, byggingar og búnaður sé til þess fallinn að tryggja velferð dýra og að eftirlit sé haft með dýrunum. (sjá kafla 2.6.2).

2.8.1 Matvælafyrirtæki sem einnig framleiða fóður

Matvælafyrirtæki sem einnig eru skráð sem fóðurframleiðendur og vinna fóður, þurfa til viðbótar við hefðbundið matvælaeftirlit að fá eftirlit vegna fóðurframleiðslunnar. Þessi fyrirtæki eru áhættuflokkuð út frá matvælaframleiðslu og hefur fóðurframleiðslan ekki áhrif á þá flokkun. Hjá matvælafyrirtækjum sem meðhöndla frekar hráefni sem fer í fóður bætast hins vegar við viðbótartímar vegna fódureftirlitsins til að mæta aukinni eftirlitsþörf. Að jafnaði er ekki þörf á viðbótareftirliti hjá þeim fyrirtækjum sem eingöngu afhenda hráefni til fóðurframleiðslu án meðhöndlunar, enda er eftirlit með þeim hráefnum hluti af matvælaeftirliti fyrirtækisins.

Þessir viðbótartímar fara í hollustuháttaeftirlit með fóðurframleiðsluhluta matvælafyrirtækisins samkvæmt reglugerð (IS) nr. 107/2010 sem innleiðir reglugerð (EB) 183/2005 um kröfur varðandi hollustuhætti fódurs.

Tafla 14: Viðbótareftirlit vegna fjölþættrar starfsemi - fóðurframleiðsla í matvælafyrirtækjum

Ástæða viðbótareftirlits	Magn fóðurframleiðslu (sjá greiningu fyrir áhættuþátt 2)	Tímafjöldi viðbótareftirlits	Dæmi
Framleiðsla fódurs úr dýraafurðum	a) Mjög stór	3	Sláturhús sem framleiðir og meðhöndlar hráefni sem afhent er sem fóður.
	b) Stór	2	
	c) Miðlungs		
	d) Lítil	1	
	e) Mjög lítil I		
	f) Mjög lítil II		
	g) Lágmarks		
Framleiðsla fódurs án dýraafurða	a) Mjög stór	1,5	Kornframleiðandi sem framleiðir og meðhöndlar hráefni sem selt er sem fóður.
	b) Stór	1	
	c) Miðlungs		
	d) Lítil	0,5	
	e) Mjög lítil I		
	f) Mjög lítil II		
	g) Lágmarks		

2.8.2 Sláturhús sem einnig eru kjötvinnslur eða stykkjunarstöðvar

Sláturhús sem einnig eru með kjötvinnslu á sömu starfsstöð skulu *áhættuflokkuð út frá kjötvinnsluhlutanum* og grunneftirlitsþörf þeirra metin samkvæmt því. Þessar starfsstöðvar fá því viðbótartíma í eftirliti til að mæta aukinni eftirlitsþörf vegna hollustuhátta- og aðbúnaðareftirlits í sláturhúshlutanum.

Sláturhús sem einnig eru með stykkjunarstöð á sömu starfsstöð en enga kjötvinnslu skulu *áhættuflokkuð út frá sláturhúsinu* og grunneftirlitsþörf þeirra metin samkvæmt því. Þessar starfsstöðvar fá því viðbótartíma í eftirliti til að mæta aukinni eftirlitsþörf vegna hollustuháttaeftirlits í stykkjunarstöðinni.

Með þessu er tryggt að nægilegur tími gefist til eftirlits í samræmi við þær sérkröfur sem skilgreindar eru fyrir sláturhús eða stykkjunarstöðvum samkvæmt reglugerð (IS) nr. 104/2010 sem innleiðir reglugerð (EB) 853/2004 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Þá er einnig tryggt með þessu að nægilegur tími gefist til að tryggja að kröfur um aðbúnað og velferð dýra í sláturhúsum séu uppfylltar.

Þessir tímar taka ekki til lögbundins daglegs eftirlits í sláturhúsum.

Tafla 15: Viðbótareftirlit vegna fjölþættrar starfsemi - sláturhús, kjötvinnslur og stykkjunarstöðvar

Ástæða viðbótareftirlits	Stærð sláturhúss eða stykkjunarstöðvar (magn sem fer út úr sláturhússhluta eða stykkjunarstöð - sjá greiningu fyrir áhættuþátt 2)	Tímafjöldi viðbótareftirlits	Dæmi
Sláturhús sem einnig eru kjötvinnslur - hollustuhættir í sláturhúsi.	a) Mjög stór	12	Kjötvinnsla og sláturhús á sömu starfsstöð með sama samþykkisnúmer. - Kjötvinnslan er áhættuflokkuð og viðbótartímar bætast á vegna sláturhússins eftir því hversu umfangsmikið það er metið skv. töflu Tafla 11.
	b) Stór	10	
	c) Miðlungs		
	d) Lítil		
	e) Mjög lítil I	8	
	f) Mjög lítil II		
	g) Lágmarks		
Sláturhús sem einnig eru stykkjunarstöðvar - hollustuhættir í stykkjunarstöð.	a) Mjög stór	10	Stykkjunarstöð og sláturhús á sömu starfsstöð með sama samþykkisnúmer. - Sláturhúsið er áhættuflokkað og viðbótartímar bætast við vegna stykkjunarstöðvar eftir því hversu umfangsmikil hún er metin skv. töflu Tafla 11.
	b) Stór	8	
	c) Miðlungs		
	d) Lítil		
	e) Mjög lítil I	6	
	f) Mjög lítil II		
	g) Lágmarks		

2.9 Viðbótareftirlit vegna sérleyfismarkaða

Við mat á eftirlitsþörf fyrirtækja þarf einnig að horfa til þess hvort fyrirtæki séu með heimild til útflutnings inn á tiltekna sérleyfismarkaði. Til þess að tryggja að kröfur slíkra markaða séu uppfylltar bætist við viðbótareftirlit til þess að taka út þær sérkröfur sem gerðar eru vegna ólíkra markaða.

Allar starfsstöðvar sem eru með heimild til útflutnings inn á sérleyfismarkaði fá árlega úttekt vegna þeirra sérkrafna eftir því sem við á. Niðurstöður úttekta verða skráðar líkt og hefðbundið eftirlit og settar fram í skoðunarskýrslu. Tímar við þær úttektir leggjast ofan á tímafjölda reglubundins eftirlits og er innheimt fyrir þær sérstaklega.

Frávik frá sérkröfum sérleyfismarkaða telja ekki inn í frammistöðumat starfsstöðva en þau hafa áhrif á útgáfu uppruna- og heilbrigðisvottorða vegna afurða viðkomandi starfsstöðva eða stöðu þeirra á listum yfir afurðastöðvar sem hafa leyfi til útflutnings á tiltekna sérleyfismarkaði.

2.10 Frammistöðuflokkun

Þegar starfsstöðvar hafa verið áhættuflokkaðar er eftirlitsþörf þeirra einnig ákvörðuð út frá frammistöðu þeirra við að uppfylla kröfur löggjafar. Út frá frammistöðu eru starfsstöðvar flokkaðar í þrjá flokka, A, B eða C, sem hefur áhrif á mat á eftirlitsþörf þeirra. **Allar nýjar starfsstöðvar byrja í frammistöðuflokki B.**

2.10.1 Skilgreining á frammistöðuflokkum

Eins og sjá má í töflu Tafla 16 eru frammistöðuflokkar skilgreindir út frá niðurstöðum í eftirliti og kröfum sem fyrirtæki verða að uppfylla. Flokkunin segir til um stöðu starfsstöðvarinnar og getu til að framleiða örugg matvæli, sem aftur hefur áhrif á það magn eftirlits sem starfsstöðin er talin þurfa. Þannig má draga úr eftirliti í starfsstöðvum sem sýna fram á að þær viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli eða fóður. Eftirlit verður hins vegar aukið með starfsstöðvum þar sem framleiðsluaðferðir sæta miklum ágöllum.

Tafla 16: Frammistöðuflokkun – skilgreining flokka

Flokkur	Lýsing á frammistöðuflokkum og kröfum til fyrirtækja
A	<p><i>Matvælastofnun telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli eða fóður og því má draga úr magni reglubundins eftirlits.</i></p> <p>Kröfur: Eftirlitsaðili hefur skoðað flestar verklagsreglur fyrir matvæla- og fóðurframleiðslu. Verklagsreglurnar eru vel nýttar í starfsemi og eftirlitsaðili hefur staðfest að farið er eftir þeim.</p> <p>Framleiðandinn greinir hættur í framleiðsluferlinu og verklaginu. HACCP eða verklag byggt á HACCP er til staðar og er virkt.</p> <p>Úrbótaáætlun er til staðar og er virk.</p> <p>Framleiðandi grípur til aðgerða um leið og vandkvæða verður vart.</p> <p>Eftirlitsaðili hefur aðeins greint einstaka lítilsháttar frávik eða gert smávægilegar athugasemdir í eftirliti.</p> <p>Framleiðandi gerir úrbætur þegar í stað í kjölfar athugasemda. Athugasemdir endurtaka sig ekki.</p>
B	<p>Grunnflokkur: Ásættanlegt ástand. Allar nýjar starfsstöðvar eru settar í frammistöðuflokk B.</p> <p>Kröfur: Verklagsreglur framleiðanda til að framleiða örugg matvæli og fóður eru að mestu í lagi þrátt fyrir smávægilega ágalla.</p> <p>Úttektir sýna að verklagið gengur vel í raun og virkar nægilega vel.</p> <p>Eftirlitsaðili hefur greint frávik, jafnvel alvarlegt frávik, í eftirliti en framleiðandi bregst strax við og vinnur vel úr athugasemdum.</p> <p>Útbótaáætlun er til staðar og er virk.</p>
C	<p><i>Matvælastofnun telur að starfsstöðin og/eða verklag sæti miklum ágöllum við framleiðslu matvæla eða fóðurs. Naumlega starfhæf, krefst aukins eftirlits.</i></p> <p>Kröfur: Ákvörðun hefur verið tekin um þvingunarúrræði eða áminningu þar sem matvæla- eða fóðurfyrirtækið stenst ekki kröfur löggjafar.</p> <p>Þó nokkrar athugasemdir komið fram um verklag fyrirtækisins til að framleiða örugg matvæli og fóður og/eða verklaginu er ekki fylgt.</p> <p>Viðbótareftirlit hefur þurft að fara fram og eru sumar athugasemdir viðvarandi.</p> <p>Rekstraraðili sinnir ekki eða bregst ekki við athugasemdum eftirlitsaðila.</p>

Heildareftirlitsþörf starfsstöðvar sem fundin er samkvæmt framangreindri áhættuflokkun í klst/ári, er margfölduð með margföldunarstuðli samkvæmt töflu Tafla 17. Frammistöðuflokkur starfsstöðvar segir þannig til um hvaða margföldunarstuðull er notaður til að finna heildartímafjölda starfsstöðvarinnar á ársgrundvelli.

Tafla 17: Frammistöðuflokkun - margföldunarstuðull flokka

Frammistöðuflokkur	Margföldunarstuðull
A	0,5
B	1
C	1,5

2.10.2 Flutningur milli frammistöðuflokka

Frammistöðuflokkun fyrirtækja byggir á niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti, daglegu eftirliti í sláturhúsum, sýnatökum og rannsóknum eða öðrum þeim gögnum sem gefa til kynna frammistöðu þeirra við að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Með öðrum gögnum er hér átt við hvort starfsstöðvar uppfylli skyldur sínar t.d. varðandi innköllun á vörum, merkingar o.fl.. Ákveðnar forsendur eru lagðar til grundvallar fyrir því hvernig starfsstöðvar færast á milli frammistöðuflokka og miðast það í meginatriðum við niðurstöður úr reglubundnu eftirliti. Að auki er þó horft til gagna sem gefa til kynna frammistöðu fyrirtækja við að uppfylla þær lagalegu kröfur sem til þeirra eru gerðar.

- Frammistöðumat getur átt sér stað þegar búið er að skoða 95% skoðunaratriða af þýði hversrar starfsstöðvar. Hjá starfsstöðvum með tveggja og þriggja ára tímabil getur frammistöðumat byggt á niðurstöðum einnar skoðunarskýrslu. Hjá starfsstöðvum með árlegt eftirlit þurfa að liggja a.m.k. tvær skoðunarskýrslur að baki frammistöðumats.
 - o Skoða verður 95% skoðunaratriða innan hvers tímabils. Tímabil geta verið 1, 2 eða 3 ár. Við mat á frammistöðu starfsstöðva er horft til síðustu 95% skoðaðra atriða, þó aldrei lengra en 18 mánuði aftur í tímann. Hvert skoðunaratriði getur aðeins talið einu sinni og gildir nýjasta dæming á hverju skoðunaratriði.
- Mat á frammistöðu byggir á fjölda F (Frávik) og A (Alvarlegt frávik) sem starfsstöðin fær miðað við heildarfjölda skoðaðra atriða.
 - o Til að færast upp og haldast í A flokki þarf að ná að lágmarki 90% skoðunaratriða „Skoðað og í lagi“ (skoðað og ekki dæmt með F eða A).
 - o Til að haldast í B flokki þarf að ná að lágmarki 60% skoðunaratriða „Skoðað og í lagi“ skoðað og ekki dæmt með F eða A).
 - o Nái fyrirtæki ekki að lágmarki 60% skoðunaratriða „Skoðað og í lagi“ (skoðað og ekki dæmt með F eða A) fellur það niður í C flokk.
- Við mat á frammistöðu er einnig horft til árangurs í hverjum undirkafla skoðunarhandbókar fyrir sig.
 - o Ná þarf að lágmarki 50% skoðunaratriða „Skoðað og í lagi“ í hverjum undirkafla. Þ.e. hlutfall F (Frávik) af skoðuðum atriðum þarf að vera innan við 50% í hverjum undirkafla til að starfsstöð teljist hafa „**náð**“ undirkaflanum.
 - o Ef skoðunaratriði fær A (Alvarlegt frávik) jafngildir það „**falli**“ í undirkaflanum sem það tilheyrir.

- Starfsstöðvar sem fá „fall“ í undirkafla geta ekki færst upp um frammistöðuflokk, jafnvel þó þau nái tilskilinni % skoðunatriða „Skoðað og í lagi“.
- Fáir starfsstöð dæmt F (Frávik) eða A (Alvarlegt frávik) á skoðunatriði er varða áreiðanleika og/eða virkni HACCP eða innra eftirlits³ þá getur starfsstöð ekki færst upp um frammistöðuflokk. Starfsstöðvar sem eru í frammistöðuflokki A og fá F (Frávik) á áreiðanleika og/eða virkni HACCP falla niður í frammistöðuflokk B lagfæri þær það ekki innan tilskilins tímafrests. Starfsstöðvar sem eru í frammistöðuflokki A og fá A (Alvarlegt frávik) á áreiðanleika og/eða virkni HACCP falla niður í frammistöðuflokk B. Lagfæri starfstöðin alvarlega frávikid ekki innan tilskilins tímafrests, þá færast starfsstöðin niður í C-flokk.
- Fáir starfsstöð dæmt A (Alvarlegt frávik) sem hún lagfærir ekki innan tilskilins tímafrests, þá færast starfsstöðin niður í C flokk.
- Ef athugasemd er gerð vegna skoðunatriðis 7.3.1. þá fær skoðunatriðið alltaf dóminn alvarlegt frávik (A).
 - Undir þessum lið eru metnar þær úrbætur sem gerðar eru í viðkomandi starfstöð í samræmi við áætlun starfsstöðvarinnar.
 - Í því skyni að uppfylla allar kröfur sem til þeirra eru gerðar skulu leyfishafar framkvæma úrbætur innan tiltekinna fresta og laga þau atriði sem voru ekki í lagi við fyrri skoðanir. Viðhalds- / úrbótaáætlun sem inniheldur eðlilega tímafresti og er virk, telst vera jafngild því að úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar dæmingu.
 - Sé úrbótaáætlun hins vegar ekki virk og starfstöð sinnir ekki þeim úrbótum sem nauðsynlegt er að gera innan þeirra tímamarka sem starfstöðin hefur sett sér og eftirlitsaðili hefur samþykkt telst það vera Alvarlegt frávik þar sem frestur starfstöðva til úrbóta telst þá vera fullreyndur.
 - Starfsstöðvar sem fá A í 7.3.1. falla í C-flokk enda bendir frammistaða þeirra til þess að þær þurfi aukið aðhald í gegnum aukið eftirlit þar sem hætta sé á að þær sinni ekki nauðsynlegum úrbótum og uppfylli þar með ekki lagalegar kröfur.
- Fáir starfsstöð áminningu eða ef beita þarf starfsstöð sérstökum þvingunarúrræðum, s.s. álagningu dagssekta, færast starfsstöð niður í C-flokk.
- Þegar starfsstöðvar færast á milli frammistöðuflokka þá hefst nýtt tímabil hjá þeim og eftirlitsþörf þeirra er endurmetin þar sem tekin er ný upphafsstaða miðað við breyttan frammistöðuflokk.

2.10.3 Frammistöðumat vegna sérleyfismarkaða

Frávik frá sérkröfum sérleyfismarkaða telja ekki inn í frammistöðumat starfsstöðva en þau hafa áhrif á útgáfu uppruna- og heilbrigðisvottorða vegna afurða viðkomandi starfsstöðva eða stöðu þeirra á listum yfir afurðastöðvar sem hafa leyfi til útflutnings á tiltekna sérleyfismarkaði.

³ Skoðunatriði sem tilheyrir undirkafla 6.3. í skoðunarhandbók Matvælastofnunar um matvæli úr dýraríkinu og skoðunatriði sem tilheyrir undirkafla 6.23 í skoðunarhandbók Matvælastofnunar fyrir fóður.

2.11 Útreikningar á tímafjölda eftirlits

Eftirlitsþörf hverrar starfsstöðvar á ársgrundvelli er metin út frá áhættuflokki hennar, sem segir til um grunntímafjölda eftirlits, og því viðbótareftirliti sem nauðsynlegt er að til komi skv. kafla 2.6 og 2.8. Þá er eftirlitsþörf starfsstöðvarinnar jafnframt metin út frá frammistöðu skv. kafla 2.10.

2.11.1 Dæmi um útreikninga:

- 1.) Starfsstöð sem lendir í áhættuflokki 2 (90 áhættustig = **20 klst/ári**) og er flokkað í frammistöðuflokk **B (*1,0)**.

$$20 \text{ klst/ári} * 1,0 = \underline{20 \text{ klst/ári}}$$

- 2.) Starfsstöð sem lendir í áhættuflokki 5 (60-65 áhættustig = 6 klst/ári) og er flokkað í frammistöðuflokk A (*0,5).

$$6 \text{ klst/ári} * 0,5 = \underline{3 \text{ klst/ári}}$$

- 3.) Starfsstöð sem lendir í áhættuflokki 7 (40-50 áhættustig = 2 klst/ári) og er flokkað í frammistöðuflokk **B (*1,0)**. Starfstöðin er með 2 ára tímabil (*2).

$$2 \text{ klst/ári} * 2 = 4 \text{ klst/tímabil} * 1,0 = \underline{4 \text{ klst á tveggja ára tímabili}}$$

- 4.) Starfsstöð sem lendir í áhættuflokki 8 ($\leq 30 = 1 \text{ klst/ári}$) og er flokkað í frammistöðuflokk **C (*1,5)**. Starfstöðin er með 3 ára tímabil (*3).

$$1 \text{ klst/ári} * 3 = 3 \text{ klst/tímabili} * 1,5 = \underline{4,5 \text{ klst/ári}} \text{ þar sem starfsstöðvar í áhættuflokki C fá eftirlit á hverju ári.}$$

- 5.) Starfsstöð sem lendir í áhættuflokki 4 (70 áhættustig = **10 klst/ári**), fær **1 tíma** af viðbótareftirliti vegna fóðurframleiðslu (framleiðir fóður úr dýraafurðum, magn framleiðslu fellur undir „lítið“ í áhættuþætti 2) og er flokkað í frammistöðuflokk **B (*1,0)**.

$$10 + 1 = 11 \text{ klst/ári} * 1,0 = \underline{11 \text{ klst/ári}}$$

- 6.) Sláturhús með kjötvinnslu lendir í áhættuflokki 1 vegna kjötvinnslu (yfir 100 áhættustig = **26 klst/ári**), **10 tíma** af viðbótareftirliti vegna sláturhúshluta (sláturhúshluti fellur undir „miðlungs“ í áhættuþætti 2) og er flokkuð í frammistöðuflokk **A (*0,5)**.

$$26 + 10 = 36 \text{ klst/ári} * 0,5 = \underline{18 \text{ klst/ári}}$$

- 7.) Sláturhús með stykkjunarstöð sem einnig er skráð sem fóðurfyrirtæki, lendir í áhættuflokki 3 vegna sláturhúshluta (80 áhættustig = **14 klst/ári**), **2 tíma** af viðbótareftirliti vegna fóðurframleiðslu, **8 tíma** af viðbótareftirliti vegna stykkjunarstöðvar og er flokkað í frammistöðuflokk **C (*1,5)**.

$$14 + 2 + 8 = 24 \text{ klst/ári} * 1,5 = \underline{36 \text{ klst/ári}}$$